



Þingnefnd 1 – Orku- og umhverfistækni

Þingnefndartillaga

Langtímastefna stjórnvalda í orku- og umhverfismálum

Móta þarf skýra langtímastefnu stjórnvalda í orku- og umhverfismálum og tryggja skuldbindingu stjórnvalda og forystu. Sátt um orkunýtingu og verndun dýrmætra náttúrusvæða skapar stöðugra markaðsumhverfi og tryggir skilyrði fyrir faglega og opna umræðu. Lög og reglur þurfa að vera í samræmi við stefnu stjórnvalda og stjórnarsýslan skilvirk þar sem unnið er eftir samræmdu verklagi, ferlum og gæðastöðlum að alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum.

Auka samvinnu og efla háskólamenntun og starfsþjálfun í orku- og umhverfistækni ásamt samstarfi í auðlindagörðum og klösum.

Grein eins og umhverfis- og orkutækni verður að byggja á fólki með góða menntun á sviði vísinda og tækni. Alþjóðlegt meistara- og doktorsþrógramm í orku- og umhverfisfræðum getur orðið til með sameiningu námsbrauta á þessum sviðum á Íslandi. Leggja þarf áherslu á samstarf við atvinnulíf, ríki, sveitarfélög, innlenda og erlenda háskóla og rannsóknasjóði. Umbuna ætti starfsmönnum og nemendum fyrir hagnýtingu rannsókna á sviði orku- og umhverfistækni ásamt því að hvetja til stofnunar fyrirtækja sem byggja á hagnýtum rannsóknum með öflugu stuðningsumhverfi.

Orku- og umhverfisklasa með þátttöku fyrirtækja, ríkis, sveitarfélaga og stofnana má reka sem fyrirtæki með háleita arðsemiskrófu og þjóðhagsleg markmið í huga. Kortalagning tækifæra sem felast í áherslu á vistvæna orkuöflun og bættu orkunýtingu fram til 2050 er grunnur að því að taka heildstætt á orku- og umhverfistæknimálum með verðmætasköpun í huga. Öflugt klasasamstarf getur leitt til margvíslegra tækninýjunga og samlegðaráhrifa á milli atvinnugreina.

Hvetja til bættrar orkunýtingar í annars vegar framleiðslu orku og hins vegar í orkunotkun

Auka má fjölnýtingu jarðvarma, framleiða ýmsar afurðir úr útblæstri jarðvarmavirkjana og nýta jarðvarmann í ýmsa framleiðslu. Tækifæri felast í framþróun á sviði djúpbórana og samstarfi fyrirtækja í að þróa hug- og vélbúnaðarlausnir á þessu sviði. Auka má fjölbreytni í beislun orkunnar og fjölga minni virkjunum; vindmyllur, sjávarfalla- og seltuvirkjanir og nýting sólarorku. Stjórnvöld geta nýtt hvata til að stuðla að þessari þróun.

Með bættri orkunýtingu hjá notendum er hægt að draga hlutfallslega úr orkunotkun og minnka sóun. Bætt orkunýting byggir á þekkingu sem getur orðið að útflutningsvöru. Slík þekking getur náð athygli alþjóðasamfélagsins og vakið áhuga erlendra fjárfesta á þátttöku í íslensku atvinnulífi.

Minni notkun jarðefnaeldsneytis og aukin notkun innlendra orkugjafa

Draga má úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka þess í stað notkun innlendra orku í samgöngum. Mikil tækifæri liggja í uppbyggingu iðnaðar þessu tengdu. Unnt er að auka hlutdeild umhverfisvænni farartækja með því að breyta skatta- og gjaldaumhverfi og koma upp nauðsynlegum innviðum. Koma má upp hvatakerfi fyrir bættu orkunýtingu og minni útblástur í sjávarútveginum. Styðja má við uppbyggingu þessa iðnaðar með almennum aðgerðum, m.a. veita skattaafslátt til nýsköpunarfyrirtækja, bæta skilyrði fyrir útflutning á orkutækni, efla Tækniþróunarsjóð og stuðla að stöðugleika í efnahagsmálum og viðunandi hagvexti.



Markvisst markaðs- og kynningarstarf

Nýta má samlegðaráhrif þannig að markaðssett eru saman fyrirtæki sem bjóða vörur og þjónustu ætlaðar sömu markhópum og þannig bjóða umfangsmeiri heildarlausnir en fyrirtækin gætu boðið hvert fyrir sig. Nýta má þróunarsamvinnu til að aðstoða aðrar þjóðir við uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu.

Greinargerð; forsendur og áhersluatriði

Fjölþættar lausnir og verðmætasköpun á grunni nýsköpunar

Orku- og umhverfistækni hefur mikla möguleika á að vaxa og dafna á Íslandi. Nú þegar á sér stað nýsköpun á ýmsum sviðum orkuvinnslu, orkunýtingar og orkusparnaðar. Íslenskur þekkingariðnaður á sviði orkumála á fullt erindi um heim allan og getur orðið að öflugri útflutningsvöru. Möguleikarnir liggja á mörgum sviðum, s.s. sérfræðiþekkingu á sviði vistvænnar orku, þróun heildarlausna í orkutækni og orkusparnaði ásamt nýjum tæknilausnum m.a. fyrir samgöngur. Orkusparnaður og orkunýtni eru lykilorð þessarar þróunar.

Nýting orkuauðlinda í þágu lands og þjóðar – með stöðugleika og gildi að leiðarljósi

Nýting orkuauðlinda í þágu lands og þjóðar með stöðugleika og gildi að leiðarljósi getur leitt til nýrra lausa og nýsköpunar í atvinnulífi og háskólasamfélagi. Arðbær, öflugur og grænn orkuiðnaður skapar forsendur fyrir vexti sprotafyrirtækja.

Vistvæna orku- og umhverfislandið Ísland – þekkt um allan heim

Hægt er að byggja á umhverfisvænni, grænni ímynd landsins og því forskoti sem ert til staðar í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Arðbær, öflugur og grænn orkuiðnaður skapar forsendur fyrir vexti sprotafyrirtækja

Jákvæðar aðgerðir stjórnvalda geta leitt til stofnunar fjölda sprotafyrirtækja á þessu sviði, skapað aukna arðsemi og stuðlað að hámarksnýtingu auðlinda. Íslenskur þekkingariðnaður getur orðið að öflugri útflutningsvöru.

Útflutningur á orku- og umhverfistæknilausnum vegur þungt

Grundvöllur að framtíðarhagsæld og framförum byggist á samfélagslegri ábyrgð, verðmætasköpun og útflutningi. Öflugt klasasamstarf getur leitt til margvíslegra tækninýjunga og samlegðaráhrifa á milli atvinnugreina. Kraftmiklir samkeppnissjóðir og skattkerfi sem hvetur til fjárfestinga í umhverfisvænni tækni og orkuöflun eru leiðir sem nýta má nú þegar. Rannsóknir og þróun í orku- og umhverfistækni ættu að vera eðlilegur þáttur í starfsemi fyrirtækja og hins opinbera.

Samstarf og sátt um stefnu og leiðir

Samstarf og sátt um stefnu og leiðir er forsenda öflugs vaxtar á þessu sviði. Langtímastefna þarf að vera skýr og henni fylgt eftir. Áherslan ætti að vera á nýsköpun, fjölbreytni og verðmætaaukning, grænt og umhverfisvænt hátækniland í orkuiðnaði. Nýta má hvata til að stuðla að þróun í þá átt sem ætlunin er fara í.

Samstilling þróunarstarfs, vísinda og fjármögnunar

Góður árangur á sviði umhverfis- og orkutækni byggist á öflugum menntakerfi, ekki hvað síst á sviði vísinda og tækni. Áhersla á sviði tungumála og samskiptatækni er ekki síður mikilvæg. Samstillt og öflugt átak á sviði endurmenntunar auðveldar fólki aðlögun að nýjum atvinnugreinum og orku- og umhverfisiðnaði að vaxa á sjálfbæran hátt.

Öflug menntun á öllum skólastigum - vitundarvakning í orku- og umhverfismálum

Grein eins og umhverfis- og orkutækni verður að byggja á fólki með góða menntun á sviði vísinda og tækni. Alþjóðlegt meistara- og doktorsþrógramm í orku- og umhverfisfræðum getur orðið til með sameiningu námsbrauta á þessum sviðum á



Íslandi. Leggja þarf áherslu á samstarf við atvinnulíf, ríki, sveitarfélög, innlenda og erlenda háskóla og rannsóknasjóði. Umbuna ætti starfsmönnum og nemendum fyrir hagnýtingu rannsókna á sviði orku og umhverfismála ásamt því að hvetja til stofnunar fyrirtækja sem byggja á hagnýtum rannsóknum með öflugum stuðningsumhverfi.

Hvetjandi laga- og starfsumhverfi

Unnt er að nýta hvatakerfi til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í langtímastefnu.

Markvisst markaðs- og kynningarstarf

Með markvissu markaðs- og kynningarstarfi getur Ísland orðið alþjóðlega þekkt fyrir grænar orkutæknilausnir.

Dæmi um fjölpættar lausnir og verðmætasköpun á grunni nýsköpunar orku- og umhverfistækni :

- Draga úr gaslosun jarðvarmavirkjana
- Draga losun CO₂ – framleiðsla eldsneytis
- Þróa eldsneyti úr sorpi og öðrum lífmassa
- Lífmassaverksmiðja á Flúðum - framleiða afurðir úr lífmassa
- Áburðarframleiðsla heim á býli
- Auðlindagarður í tengslum við jarðhitavirkjanir
- Hafið sem uppspretta eldsneytis
- Uppsetning á verksmiðju sem framleiðir litlar jarðgufuvirkjanir
- Vinnsla hagnýtra jarðefna og afgangsvarma
- Bætt orkunýting í varmaorkuverum
- Aukin orkusjálfbærni heimila og fyrirtækja
- Eldsneytisbóndinn - býli sjálfbær um eldsneyti
- Rannsaka framhjálaup leirs í jökulsárvirkjunum
- Uppbygging á afgreiðslustöðvum fyrir metan
- Hreinsun brennisteins frá jarðvarmavirkjunum
- Orkugeymsla
- Nýting sjávarorku - ölduvirkjanir
- Íblöndun vetnis í eldsneytis
- Auka rannsóknarboranir á köldum svæðum
- Orkusparnaður í opinberum byggingum
- Rafhlöðuverksmiðja
- Hátæknigróðurhús byggt samhliða virkjun
- Aukin nýtni jarðhita til raforkuframleiðslu - þróa nýjar aðferðir



Þingnefnd 2 – Vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu

Þingnefndartillaga

Tækni á sviði vélbúnaðar, rafeindabúnaðar og hugbúnaðar hefur fleygt hratt fram á undanförunum áratugum og hraði þróunarinnar fer síst minnkandi. Íslensk fyrirtæki hagnýta þessa tækni með ýmsum hætti, einkum í atvinnugreinum sem standa styrkum stoðum hérlendis, s.s. sjávarútvegi og matvælavinnslu.

Með eftirfarandi ályktunum Hátækni- og sprotapíngs 2009 er hvatt til þess að innviðir menntunar, rannsókna og stuðnings við atvinnulíf taki í auknum mæli mið af þörfum þeirra atvinnugreina sem hafa sannað gildi sitt á Íslandi, og þá einkum atvinnugreina sem tengjast sjávarútvegi og matvælavinnslu. Jafnframt er bent á að þessar atvinnugreinar eru óþrjótandi uppspretta verðugra verkefna til rannsókna, kennslu og þjálfunar fyrir atvinnulíf 21. aldarinnar.

1. Menntun og rannsóknir háskóla taki í auknum mæli mið af viðfangsefnum og þörfum lykilgreina í atvinnulífi á Íslandi hverju sinni

Þótt fjölmörg og áhugaverð tækifæri séu til kennslu og rannsókna í greinum tengdum sjávarútvegi og matvælavinnslu hafa mennta- og rannsóknastofnanir ekki fullnýtt sér þau viðfangsefni sem þar bjóðast. Þannig hefur tækniþróun farið fram í atvinnulífinu án þess að mennta- og fræðastarf hafi stutt það eða nýtt þaðan viðfangsefni að því marki sem unnt væri. Þar má nefna sem dæmi starfsemi sem tengist þróun og framleiðslu búnaðar til fiskveiða, fiskvinnslu og almennrar matvælavinnslu. Í þessum greinum hafa orðið til á Íslandi öflug fyrirtæki sem hafa þróað þær með tækninýjungum, en tengsl kennslu eða rannsókna á vegum háskólanna í landinu hafa oft verið lítil við þessi viðfangsefni.

Mikilvægt er að fjármagni og áherslum í rannsóknum og kennslu sé ekki síður beint til þeirra greina sem sannað hafa gildi sitt fyrir verðmætasköpun á Íslandi en annarra, þar sem skírskotun til íslensks atvinnulífs eða tækifæra þar er síður sýnileg.

2. Þekkingarsetur um tækni fyrir íslenskt atvinnulíf

Rannsóknastofnanir atvinnulífsins gegndu mikilvægu hlutverki á þeim tíma er tæknistig atvinnulífsins var lægra en nú er. Á undanförunum árum hafa fyrirtæki í auknum mæli tæknivæðst, menntunarstig innan þeirra hefur aukist og ýmis tækni hefur gert þau sjálfbærari um að afla sér þekkingar.

Engu að síður er mikilvægt að á Íslandi séu til staðar innviðir til rannsókna og almenn þekking, sem atvinnulífið geti leitað til. Meðal innviða má nefna aðstöðu til mælinga, tilrauna og prófana, t.d. í efnistækni, prófunum vélhluta og matvælaframleiðslu. Þá má benda á þörf hérlendis á þekkingu efnistækni og ýmiss konar framleiðslutækni. Sum þessara atriða má finna innan opinberra stofnana eða fyrirtækja, en önnur eru að litlu leyti eða alls ekki til staðar hérlendis. Bent er á að í mörgum tilvikum gætu þessi atriði átt samleið með háskólarannsóknum og kennslu en svo er ekki reynd.

Ekki er tekin hér afstaða til þess hvar þekkingarsetur um tækni fyrir íslenskt atvinnulíf ættu heima, en fyrir liggur að þörf er fyrir þekkingu og aðstöðu til þróunar hennar á tilteknum sviðum.



Til viðbótar þessum atriðum er gert ráð fyrir að þátttakendur í þingnefndinni ræði, og bæti hugsanlega við, fleiri málum í ályktunina. Hér eru sett fram nokkur atriði til skoðunar í hópnum:

- **Mikilvægi samstarfs**
Gagnlegt væri ef háskólar kæmu meira að samstarfi við atvinnulífið og stofnanir. Þar liggja tækifæri í rannsóknum og kennslu, sem væru nemendum mikils virði.
- **Tenging mismunandi faggreina**
Nefna má verkfræði, matvælafræði, tölvunarfræði, markaðsfræði og hönnun. Með tengingu þessara greina í verkefnum má ná fram ávinningi sem skilar sér í árangri við vöruþróun og markaðssetningu.
- **Skattaafsláttur af þróunarverkefnum**
Til umræðu eru um þessar mundir tillögur þar sem ætlunin er að fyrirtæki geti sótt um skattaafslátt á kostnaði sem fellur til við tiltekin þróunarverkefni. Þessu máli gæti þinghópurinn sérstaklega fylgt eftir með ályktun.
- **Styrkir til markaðsátaks**
Hjá mörgum fyrirtækjum, einkum ungum sprotafyrirtækjum, er svigrúm til markaðssóknar takmarkað. Til greina kemur að styðja afmörkuð markaðsátaksverkefni, t.d. gegnum Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Útflutningsráð eða Tækniþróunarsjóðs.

Þessi og önnur atriði eru til umræðu hjá þinghópnum sem fjallar um vél- og rafeindatækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu.



Þingnefnd 3 – Líftækni

Þingnefndartillaga

Mörg hagsmunamál líftæknifyrirtækja eru þau sömu og annarra hátækni- og srotafyrirtækja. Í þessari þingnefndartillögu eru lögð fram þrjú mál sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir greinina:

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú að lagaumhverfi verði hagstætt atvinnusköpun. Gæta verður þess sérstaklega að lagaumhverfi erfðatækni veiti nauðsynlegt aðhald en hamli ekki vexti þeirra sprota í atvinnurekstri sem notfæra sér þessa öfluggu grundvallartækni.

Sníða þarf lagaumhverfi sem styður við fremur en að hamlar nýsköpun. Mikilvægt er að lög og reglugerðir veiti nauðsynlegt aðhald og greiði fyrir atvinnuskapandi starfsemi. Líftækni er undirliggjandi tækni í samfélaginu, rétt eins og upplýsingatækni og hún er notuð á fjölmörgum sviðum samfélagsins s.s. í landbúnaði, matvælavinnslu, heilbrigðisviði, orkuiðnaði og sjávarútvegi. Erfðatækni er mikilvægt verkfæri fyrir alla líftæknistarfsemi. Líftækni er ein af forsendum nútímasamfélags og skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Mikilvægt er að laga- og reglugerðarumhverfi á Íslandi, veiti eðlilegt aðhald en gangi ekki lengra en gerist í nágrannalöndunum. Þannig stuðlum við að því að fyrirtæki og stofnanir, sem vinna með erfðatækni standi ekki halloka í alþjóðlegri samkeppni og verði rekin í sátt við innviði samfélagsins. Stuðla þarf að virkri stjórnáslu við afgreiðslu leyfisumsókna og þegar reglum er framfylgt, svo lögmæt starfsemi fái þrifist innan ramma settra laga og reglugerða.

Efla þarf stuðning til þjálfunar og umsókna á einkaleyfum og mat á einkaleyfishæfni hugverka, með það að markmiði að auka gæði einkaleyfisumsókna. Þetta mun stuðla að auknu verðmæti og virðisauka fyrirtækja og styrkja stoðir íslensks hugvits og þekkingariðnaðar.

Einkaleyfi eru landhelgi líftæknifyrirtækja. Rétt eins og sjávarútvegurinn þarf landhelgi til að verja sitt veiðisvæði þurfa líftæknifyrirtæki einkaleyfi til að verja sérfræðiþekkingu sína, niðurstöður rannsókna og uppgötvanir. Einkaleyfi eru dyr en nauðsynleg og umfangsmikið er að sækja um og viðhalda þeim. Þau auka verðmæti fyrirtækja og skapa þeim starfsgrundvöll. Þörf er á sérstökum styrkjum og stuðningi til fyrirtækja sem leggja á þessi mið. Efling námskeiða, þjálfunar og fjárhagslegs stuðnings til verndar hugverkum eykur verðmætasköpun og samkeppnishæfni hátæknifyrirtækja og styrkir stoðir þekkingarsamfélags á Íslandi.

Styrkja þarf Rannsóknarsjóð, Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð og setja fram skattalega hvata, sem laða þolinmótt fjármagn að langtímafjárfestingum.

Líftæknin er langhlaup. Langur rannsóknar- og þróunartími líftæknifyrirtækja krefst þolinmóðs fjármagns. Það skortir annars vegar þolinmæði og hins vegar þekkingu innan fjármálageirans á eðli þessara fyrirtækja. Verulegur skortur er á aðgengilegu fjármagni og aðstoð við þá sem eru að sannreyna hugmyndir, eru að taka fyrstu skrefin og þurfa að meta hvort þeir séu með hugmynd eða tækni sem er nægilega burðug til að vera byggjandi á. Þennan stuðning er á Íslandi einungis unnt að sækja í samkeppnissjóðina, fyrst og fremst Tækniþróunarsjóð sem þarf að efla. Úrræðum þarf að fjölga með því að nýta leiðir eins og endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar, eins og gert er með einum eða öðrum hætti í öllum viðmiðunarlöndum okkar. En það er líka skortur á aðgengi lofandi líftæknifyrirtækja að fjárfestum sem einbeita sér að lengra komnum fyrirtækjum. Skattalegir hvatar



sem munar um til fjárfestingar í líftækni og hátækni eru aðgerðir sem skila sér margfalt til ríkisins og samfélagsins.

Greinargerð

Arðbær og öflug fyrirtæki á háu tæknistigi

Í líftækni felast miklir möguleikar fyrir land og þjóð. Líftæknifyrirtæki eru arðbær og öflug fyrirtæki á háu tæknistigi. Þau gefa möguleika á að auka verðmætasköpun í gegnum betri nýtingu auðlinda, framleiðslutækni og nýjar vörur. Sum líftæknifyrirtæki byggja á innlendu hugviti sem nýtir náttúruauðlindir okkar á fjölbreyttan hátt. Önnur tengjast erlendum fyrirtækjum sem velja að starfa á Íslandi. Þetta skapar fjölbreytta flóru og skapar tækifæri í samvinnu.

Aukin verðmætasköpun – betri nýting auðlinda, framleiðslutækni og nýjar vörur

Ísland hefur mikil tækifæri á að byggja upp öflugan líftækniklasa. Hér er margt til staðar sem þarf til að styrkja klasaupbyggingu. Náttúruauðlindir, vel menntað fólk með alþjóðlegar tengingar, gróska í háskólaumhverfi og öflug og lofandi fyrirtæki á þessu sviði. Auk þess er margt vel gert í stuðnings- og styrkjaumhverfi fyrirtækja.

Skilningur stjórnvalda á starfsumhverfi líftæknifyrirtækja

Með því að efla skilning stjórnvalda á starfsumhverfi fyrirtækjanna, efla fjárframlög og þátttöku fjármálastofnana í greininni, efla alþjóðlegt samstarf og markaðssetningu er stuðlað að öflugum rannsóknum og verðmætri þekkingaruppbyggingu í líftækni.

Ísland virkur þátttakandi í alþjóða samstarfi á sviði líftækni

Líftækniklasar eru í vaxandi mæli mikilvægar uppsprettur atvinnutækifæra og tekna fyrir nærsamfélagið, t.d. í San Diego, San Fransisco, New York og Massachussets. Í Skandinavíu á sama við um Malmö-Lund og Kaupmannahafnar svæðið; oft nefnt Medicon Valley klasinn. Í könnun meðal efnahags- og þróunardeilda héraða og ríkja í Bandaríkjunum nefndu 83% líftækni sem fyrsta eða annað val í uppbyggingu iðnaðar.

Stóraukin framlög stjórnvalda og aukin þátttaka fjármálastofnana

Þegar lítið er til þess hvað aðrar þjóðir hafa gert til að byggja upp líftækniklasa sést að slíkt gerist sjaldnast af sjálfu sér. Þar sem best hefur tekist til hefur verið tekin ákvörðun á efstu stigum um að byggja upp greinina og því fylgt eftir með fjármagni. En peningar eru ekki nóg, það er alveg jafn mikilvægt að byggja upp stuðningsumhverfi, gott aðgengi sprotafyrirtækja að ráðgjöf og þjónustu um rekstur og markaðsmál, einkaleyfi og fleira. Þá er einnig mikilvægt að efla samskipti háskóla og atvinnulífs. Líftækni byggist gjarnan upp í nágrenni við háskóla fyrir margra hluta sakir, hún sprengtur úr rannsóknum, frumkvöðlar eru oft vísindamenn við háskólana og háskólarnir eru uppsprettu menntaðs vinnuafls.

Öflugar rannsóknir og þekkingaruppbygging í líftækni

Þingnefndartillögur þessarar er snerta grunnstoðir líftækni og hátækni senda þau skýru skilaboð til samfélagsins og alþjóðasamfélagsins að hugvit og nýsköpun séu mikilvægir þættir í endurreisn Íslands að mati stjórnvalda.

Hugvitið er til staðar og það skal í askana látið!



Þingnefnd 4 - Heilbrigðistækni

Þingnefndartillaga

Til að efla Heilbrigðistækni þarf að gera eftirfarandi:

Taka þarf sértakt tillit til langs þróunarferils fyrirtækja í heilbrigðistækni varðandi endurgreiðslur þróunarkostnaðar

Þróunarferli heilbrigðistæknivara er lengra en í flestum vörum. Þar sem langur tími líður frá því að hugmynd kemur upp þar til að seljanleg vara lítur dagsins ljós er nauðsynlegt að tryggja vöruvernd og styðja við innleiðingu gæðafarla, skráningu og leyfisveitinga fyrir vörurnar.

Lagt er til að hægt verði að fá kostnað vegna einkaleyfis-umsókna, gæðakerfa og vöruskráningar endurgreiddan á svipaðan hátt og rætt hefur verið um varðandi hefðbundinn þróunarkostnað.

Tryggja aðgang að sjúkrastofnunum til vöruprófanna og vörupróunnar

Vörur á heilbrigðistæknisviði þurfa að undirgangast viðtækari prófanir en gengur og gerist í öðrum geirum. Vöruprófanir eru hluti af þróunarferli lækningavara og forsenda þess að hægt sé að ljúka þróun og skráningu. Íslendingar hafa innleitt sömu reglur og gilda annarstaðar á evrópska efnahagssvæðinu en nauðsynleg ferli til þess að framfylgja þeim eftir eðlilegum hætti hafa ekki verið innleidd.

Lagt er til að sérstakur umboðsmaður heilbrigðistæknifyrirtækja verði skipaður sem að hafi það hlutverk að taka á móti beiðnum um vöruprófanir og fylgi þeim eftir í gegnum samþykktarferli landlæknis og til viðeigandi sjúkrastofnunar.

Tryggja þarf aðgang heilbrigðistæknifyrirtækja að rekstrargögnum og mæligögnum sem nauðsynleg eru til þróunar heilbrigðistæknilausna

Árangur í heilbrigðistækni fellst annarsvegar í því að lækka kostnað við rekstur heilbrigðiskerfisins og hinsvegar í því að bæta meðferð eða tryggja öryggi.

Forsenda árangursríkrar nýsköpunar í heilbrigðistækni er að þau fyrirtæki sem þar starfa hafi greiðan aðgang að upplýsingum um kostnað, rekstur og frummæligögn. Sem stendur er mjög óljóst hvernig fyrirtæki eiga að bera sig að við að fá slíkan aðgang og hefja slíkt samstarf.

Lagt er til að skýrar reglur verði settar og gagnsæ ferli mótuð um slíkt samstarf sem að tryggja fyrirtækjunum þennan aðgang.

Tryggja þarf heimamarkað íslenskra heilbrigðistæknifyrirtækja

Sérstaða íslenskra fyrirtækja er sá að heimamarkaður þeirra er aðeins brot af stærð þess heimamarkaðar sem fyrirtæki á hinum norðurlöndunum búa við. Fyrirtæki sem ætla að hasla sér völl á þessum vettvangi þarf því oft að treysta á eina eða tvær íslenskar sjúkrastofnanir til þess að koma vörum sínum í notkun og fá eðlilega reynslu á búnaðinn. Fjárhagsstaða þessara sjúkrastofnanna gerir það hinsvegar oft að verkum að kaup á búnaðinum þegar mest á reynir fyrir fyrirtækin reynast ekki möguleg og greiðslur dragast fram úr hófi.

Tillagan er því sú að íslenskum heilbrigðistæknifyrirtækjum verði gert kleyft að sækja um sérstaka styrki úr tækniþróunarsjóði til þess kaupa sínar eigin vörur á listaverði til að færa sjúkrastofnunum.



Greinargerð

Vöxtur íslenskrar heilbrigðistækni sem iðnaðar hefur verið mikill á undanförunum árum og áratugum. Verðmætasköpun þessa geira hefur verið góð, greinin hefur skapað fjölda vel launaðra starfa og megnið af tekjum fyrirtækjanna hafa verið af útflutningi. Ruðningsáhrifin vegna þenslu árána fyrir hrun fjármálakerfisins olli umtalsverðu bakslagi í greininni og nokkur velmetandi fyrirtæki á þessu sviði fluttu starfsemi sína frá landinu eða voru lögð niður í þeirri mynd sem þau höfðu starfað. Nú er öllum orðið ljóst að Íslendingar þurfa aftur að verða þjóð sem að hefur tekjur sínar af því að þróa og selja vörur og þjónustu.

Íslenska heilbrigðiskerfið er auðlind sem fyrirtæki í heilbrigðistækni byggja og leggja traust sitt á. Án aðgengis og samstarfs milli fyrirtækja og heilbrigðiskerfisins þá eru líkur á árangri þessara fyrirtækja mun minni en ella. Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu er því sérstakt áhyggjuefni þessara fyrirtækja og mikilvægt að leita leiða til þess að hann tefji ekki fyrir nýsköpun og uppbyggingu arðvænlegs og tekjuskapandi þróunarstarfs.

Því er sérstaklega mikilvægt að nýta tækifærið nú þegar umturna þarf rekstri þessa kerfis til þess að nýta íslenska þekkingu og þróun til þess að auka verðmætasköpunina og draga þannig úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Sá niðurskurður sem nú fer fram verður að nýtast okkur til þess að ná forystu í þróun á vöru og þjónustu og ná í gegn um þá þróun hagkvæmum rekstri á heilbrigðiskerfi landsins. Þannig getur íslenskur heilbrigðistækniðnaður náð að nýta Ísland sem stökkpall inn á alþjóðlegan markað sem glímur við sama vandamál í rekstri á heilbrigðiskerfinu. Sérstakt samráð yfirvalda við íslensk heilbrigðistæknifyrirtæki við endurskipulagningu þessara kerfa er því sérstaklega mikilvægur og má þá nefna val við kerfum og tækjabúnað fyrir fyrirhugað háskólasjúkrahúss sérstaklega.

Í þeim tillitlulega einföldu tillögum sem hér eru lagðar fram, er sérstök áhersla lögð á að stytta, með styrkjum og regluverki þann tíma sem það tekur að öllu jöfnu að koma vöru frá hugmynd til markaðar. Þar er tekið á sérstökum skilyrðum þessara fyrirtækja varðandi vöruvernd, skráningar, aðgengi að sjúkraupplýsingum og aðgengi að sjúkrastofnunum til prófanna og stuðning við mótun heimamarkaðar.

Nái þessar tillögur fram að ganga má gera ráð fyrir að mun auðveldara verði að fjármagna fyrirtæki á þessu sviði þar sem sá tími sem að það tekur að klára vöruþróunina verður mun styttri og því fýsilegra að setja fjármagn í slíka starfsemi. Efling þessara fyrirtækja og þar með aukin eftirspurn eftir menntuðu fólki á þessu sviði, mun aftur skila sér í eflingu náms á sviði heilbrigðistækni og rannsóknarsamstarfs fyrirtækja, háskóla og sjúkrastofnanna. Stytting þróunartíma vöru er því þjóðhagslega hagkvæmur kostur og gera fyrirtækjum á heilbrigðistækni sviði kleyft að leggja sitt að mörkum varðandi endurreisn íslensks efnahagslífs.



Pingnefnd 5 - Upplýsingatækni

Pingnefndartillaga

Auka rafræna opinbera þjónustu og innleiða rafræna reikninga hjá hinu opinbera

Auka þarf rafræna opinbera þjónustu og notkun rafrænna viðskipta sem þátt í hagræðingu innan opinbera kerfisins. Sem dæmi um verkefni af þessu tagi má benda á mikilvægi þess að ríkið flýti innleiðingu á rafrænum skilríkjum og rafrænum reikningum sem munu veita fjöldamörg tækifæri til hagræðingar í opinberri stjórnslu.

Í því efnahagslega árferði sem nú ríkir er mikilvægt að horft sé jafnt til lengri sem skemmri tíma eftir lausnum til hagræðingar og eflingar í íslensku viðskiptalífi. Aukin nýting á upplýsingatækninni með rafræna þjónustu og rafræn viðskipti í forgrunni, er nauðsynlegur þáttur í að tryggja samkeppnishæfni í íslensku viðskiptaumhverfi til lengri tíma litið, jafnframt því sem það mun renna sterkari stoðum undir íslensk upplýsingatæknifyrirtæki og efla starfsemi þeirra.

Að undanfögnu hefur verið unnið markvisst að því í samstarfi hagsmunaaðila að undirbúa og kynna samræmt verklag fyrir rafræn viðskipti sem byggt er á samvinnu innan norðurlanda (NES), sem nú stefnir í að verða hið viðurkennda verklag sem notað verði í rafrænum viðskiptum innan Evrópusambandsins. Handbók um þetta verklag var unnin að frumkvæði Icepro (nefndar um rafræn viðskipti) og gefin út í janúar 2007. Nú hefur verkefnið verið tekið skrefinu lengra, með útgáfu FUT (Fagstaðlaráð í upplýsingatækni) á tækniforskrift (staðli) fyrir fyrsta þáttinn af átta, sem handbókin tekur til, sem er nákvæm lýsing á því hvernig ber að byggja upp rafrænan reikning. Þessi lýsing er fyrst og fremst ætluð hugbúnaðarfyrirtækjum, sem leiðbeiningar um það hvernig forrita skuli rafrænan reikning, svo tryggja megum að reikningur geti flætt vandræðalaust milli viðskiptakerfa.

Auk þess eru Íslendingar þátttakendur í vinnu þar sem verið er að taka NES verklagið inn í viðtækara staðlaumhverfi innan Evrópu, sem ákveðið hefur verið að nýta sem grunn í sameiginlegu verkefni ríkja innan Evrópusambandsins (PEPPOL) um rafræn innkaup milli ríkja sambandsins (Borderless e-procurement). Rafrænu innkaupin miða að því að öll fyrirtæki, með sérstakri áherslu á minni og millistór fyrirtæki, eigi að geta átt rafræn viðskipti við hvaða opinberu stofnun sem er innan Evrópu.

Mikilvægt er að rík áhersla verði lögð á það hjá hinu opinbera að ráðuneyti og stofnanir verði í fararbroddi í að nýta þau tækifæri sem eru að skapast til að innleiða ný vinnubrögð með tilkomu rafrænna lausna inn í íslenskt viðskiptaumhverfi og vinni með íslenskum upplýsingatæknifyrirtækjum að þróun og innleiðingu lausna sem skapa munu aukna skilvirkni og hagræði. Mikilvægt upphafsskref í þessu er að tryggja hraða og markvissa innleiðingu á rafrænum reikningum hjá hinu opinbera.

Aukin útvistun og meiri nýting opinbera aðila á upplýsingatækni og skilgreindur framkvæmdaraðili innan stjórnslunnar til að framfylgja stefnunni um upplýsingasamfélagið

Sjaldan hefur verið eins mikilvægt og nú að draga úr umsvifum tölvudeilda hjá hinu opinbera og leggja áherslu á útvistun. Í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2008-2012, „Netríkið Ísland,“ er m.a. sett fram sú framtíðarsýn að „Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni“. Ljóst er að slíkt markmið næst ekki nema með aukinni útvistun upplýsingatækniverkefna sem þannig stuðli að öflugri uppbyggingu fyrirtækjanna og verði um leið mikill hvati til að þróa lausnir sem eiga erindi á erlenda markaði. Mikil þörf er á



skilgreindum framkvæmdaaðila innan stjórnáslunnar til að framfylgja þessari stefnu. Upplýsingatækniverkefni innan opinberra stofnana og fyrirtækja ætti alfarið að vinna á vegum einkafyrirtækja enda gegnir útvistun og notkun upplýsingatækni lykilhnutverki í hagræðingu í rekstri upplýsingatæknikerfa hjá opinberum aðilum og er í raun forsenda hagræðingarkröfu ríkisins.

Þekkt er að uppbygging ríkisins á sviði hugbúnaðardeilda og við rekstur tölvukerfa leiðir ekki til þess virðisauka sem átt getur sér stað sé þróunin á hendi einkafyrirtækja sem þróa lausnir og vörur fyrir erlenda markaði. Hins vegar eru verkefni sem unnin eru í samstarfi við ríkisstofnanir oft lykिलinn að mörgum verðmætustu lausnum sem fluttar eru út frá Íslandi.

Uppbygging tölvudeilda innan ríkisfyrirtækja og stofnana vinnur beinlínis gegn nýsköpun og er í raun ógnun við uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðarins. Ríkjandi fyrirkomulag er oft á tíðum aðferð til að leynd kostnaði við þróun þar sem hann er ekki sýnilegur. Markmiðið er að allar upplýsingatæknideildir opinberra aðila verði færðar til einkafyrirtækja með útboðum um yfirtöku verkefna og skapa þannig grunn að nýsköpun og útrás. Því er rétt að opinberir aðilar hætti alfarið uppbyggingu og þróun upplýsingadeilda og unnið verið í sameiningu yfirlit um opinberar stofnanir og tölvudeildir þeirra með það að markmiði að skilgreina heppilega yfurfærslu til einkafyrirtækja. Í samræmi við stefnu um upplýsingasamfélagið þurfa stjórnvöld að veita notkun upplýsingatækni innan opinberra stofnana og fyrirtækja enn meiri forgang til að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri þeirra. Ríkið á að vera öflugur kaupandi og kröfuharður notandi lausnanna án þess að standa sjálft í þróun þeirra.

Setja á fót Þróunarsetur háskóla, stjórnvalda og UT fyrirtækja í upplýsingatækni

Á Íslandi er áhugavert umhverfi fyrir rannsóknir, þróun og prófun upplýsingatæknilausna og mikilvægt að hér verði komið á fót þróunarsetri háskóla, stjórnvalda og UT-iðnaðar í samstarfi íslenskra og erlendra fyrirtækja í upplýsingatækni. Þar verði unnið að rannsóknum og þróun á lausnum í upplýsingatækni sem sækir sérstöðu í íslenskt umhverfi. Skilgreind verði nokkur lykilsvið stærri upplýsingakerfa, sem samsvara þörfum á alþjóðamarkaði, fyrir stórnotendur hér á landi. Koma þarf á virku samstarfi við helstu notendur kerfanna í samræmi við kröfur til slíkra kerfa. Ísland hefur sterka sérstöðu þegar kemur að vettvangi fyrir þróun í upplýsingatækni og það bera að nýta bæði til að laða að fjárfestingu og byggja upp iðnaðinn á Íslandi.

Stór erlend fyrirtæki sýndu málinu áhuga á sínum tíma enda gera þau sér grein fyrir styrkleikum hér á landi. Hér er vel menntað starfsfólk fyrirtækja og tækni-hungrað samfélag enda netnotkun með því mesta sem þekkist, tölvueign almenn og mikill áhugi á að nýta það sem fremst er á hverjum tíma í upplýsingatækni. Á smá-um markaði, eins og þeim íslenska, er hægt að ná markaðshlutdeild og prófa nýjar leiðir sem síðan má nýta erlendis ásamt öflugum rannsóknum og kennslu í upplýsingatækni á háskólastigi. Málið komst þó aldrei á framkvæmdastig en erlendu fyrirtækin hafa sýnt því áhuga að koma hingað til lands með hluta af sinni þróun ef skapaður verður réttur vettvangur til þess. Þeir hafa jafnframt bent á að það verði best gert í samstarfi upplýsingatæknifyrirtækja, háskóla og stjórnvalda. Því er nauðsynlegt að koma upp sameiginlegum vettvangi fyrirtækja, háskóla og stjórnvalda sem hafi það að markmiði að ná samstarfi við erlend upplýsingatæknifyrirtæki um þróunarstarf. Áhersla verði lögð á þróun upplýsingatæknilausna þar sem íslenskt umhverfi verði nýtt til þróunar og prófunar.



Þingnefnd 6 - Leikjaiðnaður

Þingnefndartillaga

Eftirfarandi verkefni eru efst á framkvæmdalista IGI:

Fjármögnun og starfsskilyrði

Endurgreiðsla þróunarkostnaðar

Fyrirtæki fái endurgreiddan hluta þróunar- or rannsóknarkostnaðar en slíkt mótframlag er besti hugsanlegi stuðningur við leikjafyrirtæki á Íslandi. Endurgreiðsla gæti verið dregin frá tekjuskatti eða með beinum greiðslum þar sem það ætti ekki við. Styðjast má við erlenda fyrirmynd og líkt og norska SkatteFunn.

Skattaréttlæti varðandi skráða vinnu og kauprétti

Vinnuframlag reiknað til verðmæta í sprotafyrirtækjum er skattlagt. Eðlilegra væri að fyrirtæki sem eru í vörubrúun get talið vinnu til tekna áður en sala hefst.

Kaupréttir til starfsmanna eru algengt hvatakerfi hjá leikjafyrirtækjum. Í dag þurfa starfsmenn að greiða skatt af kaupréttarsamingum áður en fyriræki fara á markað eða viðskipti eiga sér stað með félögin. Þessu þarf að breyta.

Fjárfestingasjóður

Nýsköpunarsjóður og Tækniþróunarskjóður gætu staðið fyrir því að setja upp ramma að nýjum fjárfestingasjóði sem mun sérhæfa sig í fjárfestingum í tölvuleikjafyrirtækjum. 7 ára sjóður upp á 3 milljarða.

Opinber stuðningur við leikjagerð

Koma á fót opinberum sjóð eða endurskipuleggja endurgreiðslusjóð kvikmynda. Fyrirtæki sem vinna að þróun sem styrkja íslenska menningu, eru á íslensku eða nýtast við kennslu fái 20% endurgreiðslu af þróunarkostnaði. Í samvinnu við stjórnvöld væri reglugerð og markmið kvikmyndasjóðs aðlöguð til að styðja við bakið á fyrirtækjum sem vinna að leikjaþróun og nýmiðlun.

Ísland endurgreiði framleiðslukostnað á tölvuleikjum líkt og er í boði fyrir erlenda kvikmyndaframleiðendur. Gera Ísland að raunhæfum kosti fyrir skrifstofur erlendra leikjafyrirtækja þar sem boðið er upp á sambærileg hvatakerfi og í nágrannalöndum okkar.

Kynningar og markaðsmál

Samvinna við Nordic Game

IGI mun standa að bókun, uppsetningu og skipulagningu á bás í samvinnu við Nordic Game á helstu ráðstefnum (GDC SF EU og Nordic) og geri félögum kleift að taka þátt.

Ímyndar- og markaðsátak í þágu iðnaðarins

Vekja athygli á jákvæðum áhrifum tölvuleikja og fyrirtækjunum sem vinnustöðum og



virðisaukandi iðnaði.

Stuðla að auknum áhuga og aðsókn í nám sem nýtist leikjafyrirtækjum.

Kynna markaðinn fyrir tölvuleiki til uppbyggingar (serious games).

Vinna með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum í upptöku og fræðslu um PEGI, evrópska leikjaflokkunarkerfið.

Styðja leikjafyrirtæki í að komast á fagsýningar til að kynna vörur og starfsemi

Kynning og markaðssetning á tölvuleikjum fer fram á fagsýningum. Það myndast líka tengsl og verða til samstarfssamningar milli fyrirtækja.

Markmið IGI verður að koma Íslenskri leikjaþróun á framfæri í samvinnu við Nordic Game á helstu ráðstefnum leikjaiðnaðarins.

Menntun – Mannauður - Þróun

Efla samstarf háskóla og sprotafyrirtækja – sprotastuðningur

Samræða IGI og háskóla um að nýta betur aðföng á sviði rannsóknar og þróunar til framdráttar tölvuleikjafyrirtækjum. Samstarf IGI og háskóla leiði til raunhæfra þróunarverkefna sem m.a. Viðskiptasmiðja, Gervigreindarsetur, Nýsköpunarsjóður og Frumtak hafi ástæðu til að styðja við og þróa. Í sum verkefni þarf ekki að leggja til aukið fjármagn eða önnur aðföng en nú er þegar gert.

IGI eigi frumkvæði að slíku samstarfi og dragi vagninn. Þetta verkefni hefur engin tímamörk. Árangur metinn eftir fjölda árangursríkra verkefna sem sjá dagsins ljós.

Námsbraut í tölvuleikjafræði á framhaldsskólastigi

Stofnuð námsbraut með sérstaka áherslu á stærðfræði. Námsbrautin brautskráir ekki fólk til beinna starfa í leikjaiðnaði en gerir því kleift að búa sig undir háskólanám sem nýtist greininni. IGI leggi inn beiðni hjá menntamálaráðuneyti um að skrifuð sé námskrá fyrir námsbraut á framhaldsskólastigi í tölvuleikjafræði. Námskrá tilbúin eftir eitt ár. Kennsla hefst haust 2011.



Þingnefnd 7 – Endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar – skattalegir hvatar fyrir fjárfesta

Þingnefndartillaga

Hátækni- og sprotavettvangur hefur lesið yfir og fundað um frumvarpsdrög til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og tilheyrandi frumvarpsdrög til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum.

Almennt séð lýsir HSV yfir mikilli ánægju með frumvarpsdrögin sem koma til móts við mikilvægar óskir nýsköpunarfyrirtækja um bætt starfsumhverfi, sérstaklega sem snúa að fjármögnun þróunarstarfs og uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Vettvangurinn leggur þó áherslu á að eftirfarandi atriði verði lagfærð áður en löginn verða samþykkt frá Alþingi.

Viðmiðunarmörk í 5gr. (2. tölulið): Verði lækkuð í 5 milljónir kr..

5.gr. (2. tölulið): Að viðmiðunarmörk í verði lækkuð í 5 milljónir kr. (eða allt niður í eitt ársverk) Rösk: 20 milljón kr. lágmark er hátt fyrir lítil og ung sprotafyrirtæki, sem auðveldlega gætu verið með áhugaverð þróunarverkefni í gangi sem væru á stærðargráðunni 5-20 milljónir kr. HSV telur ástæðulaust að útiloka slík verkefni og fær ekki séð að lækkun á þessu viðmiði valdi ríkissjóði skaða. Þvert á móti eykur það greiðslufærði til ríkissjóðs að sem flest verkefni geti farið af stað á þeim grunni sem kveðið er á um í þessum lögum.

10. gr. (1. mgr.) : Hlutfall af kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sem frádráttarbært er frá álögðum tekjuskatti hækki úr 15 í 20%.

10. gr. (1. mgr.) : Hlutfall af kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sem frádráttarbært er frá álögðum tekjuskatti hækki úr 15 í 20%. Rösk: Hér væri miðað við sama lágmarks hlutfall og í Noregi og öðrum löndum sem við berum okkur saman við, en sum þeirra bjóða jafnvel enn hærra endurgreiðsluhlutfall. Ísland er í samkeppni við þessi lönd um að laða til sín og byggja upp nýsköpunarfyrirtæki. Með því að bjóða lakri kjör en lágmarkshlutfall í samkeppnislöndunum, er í raun enn til staðar verulegur hvati að flytja fyrirtækin úr landi (og þannig unnið gegn anda frumvarpsins). Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki njóti sambærilegra og ekki rýrari starfsskilyrða en fyrirtæki í þessum löndum.

Ferli og afgreiðsla umsókna m.a. 8. gr. (3. setning)

8. gr. (3. setning) : Verði svohljóðandi: Rannís skal, svo fljótt sem verða má innan tveggja mánaða... Rösk: mikilvægt er að umsóknir gangi eins hratt fyrir sig og kostur er í sívinnslukerfi. Verkefnahugmyndir í fyrirtækjum spretta upp með litlum fyrirvara og oft skiptir máli að geta komið þeim í framkvæmd sem fyrst. Framangreint matsferli er einfalt og ætti ekki að þurfa langan tíma. Í Noregi hefur verið miðað við að afgreiða umsóknir á 2. vikum. Setja mætti nánari reglur um tímaramma í reglugerð ráðherra skv. 15. gr.

HSV bendir á að efla þarf starfsemi og innri ferla Rannís til að taka við þeim verkefnum sem kveðið er á um. Rannís hefur umfangsmiklum verkefnum að sinna varðandi umsóknir til Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs sem skapa mikla álagspunkta á vissum tímum árs. Þetta gæti tafið framkvæmd vottunarferla í þessum lögum.

Viðmiðunarmörk í lögum nr. 90/2003 - 8. Gr. (3 setning)hækki úr 300 þús. kr. í 2500 þús. kr.




HSV leggur eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum:

1. 2. gr. (3. málsgrein): Að viðmiðunarmörk hækki úr 300 þúsundum í 2,5 milljónir hjá einstaklingi og 5 milljónir hjá hjónum. Rök: Að mati HSV eru 300 þúsund krónur á ári of lág upphæði. Einnig telur vettvangurinn mikilvægt að heimildin nýtist starfsmönnum nýsköpunarfyrirtækja sem vilja fá hluta launa greiddan á formi hlutabréfa í viðkomandi fyrirtæki en hlutur í verðmætaaukningu fyrirtækis er oft það eina sem nýsköpunarfyrirtæki hafa að bjóða í samkeppni við rótgróin og stærri fyrirtæki um hæft starfsfólk.

Tillaga til vara: Að viðmiðunarmörk hækki úr 300 þúsundum í 1,0 milljónir hjá einstaklingi og 2 milljónir hjá hjónum en auk þess sé umræddum fyrirtækjum heimilt að nýta þessa heimild til að greiða starfsmönnum sínum laun í formi hlutabréfa sem nemur allt að 1,5 milljón á ári með frestun skattlagningar þar til að viðkomandi bréf eru seld.

Greinargerð:

Í úttekt OECD á íslenska nýsköpunarkerfinu sem gerð var árið 2005, kemur fram að framlög til rannsókn- og þróunarstarfs í fyrirtækjum er hlutfallslega lægra hér á landi, en hjá öðrum OECD-löndum. Af myndinni má m.a. lesa að opinber framlög til rannsókn- og þróunarstarfs í Bandaríkjunum og Svíþjóð eru þreföld samanborið við Ísland. Annars staðar, t.d. á Spáni, í Mexíkó, Kanada, Portúgal, Hollandi, Japan og Noregi, hefur verið lögð rík áhersla á fjárhagslega hvata í tengslum við skattkerfið. Ísland er eitt fárra OECD landa þar sem slíkar leiðir hafa ekki verið farnar.



Meðfylgjandi mynd, frá OECD ber saman annars vegar (láréttur ás) opinbera fjármögnun á r&þ starfsemi fyrirtækja (BERD=Business Enterprises Resarch and Development) sem hlutfall af þjóðarframleiðslu en hins vegar (lóðréttur ás) framlög í formi ýmiss konar skattalegra hvata til að efla þróunarstarf annars vegar í litlum (merkt með hring) en hins vegar stærri fyrirtækjum (merkt með



Á myndinni kemur fram að ef dregin er skálína, sem sýnir þær þjóðir, sem best gera í þessum efnum, þá eru Íslendingar langt neðan við þessa línu ásamt Grikkjum, Svisslendingum og Nýsjálendingum.

Góð reynsla Norðmanna af endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja

Meðal þeirra sem farið hafa þessa leið eru Norðmenn. Árið 2002 var skattalögum í Noregi breytt þannig að lögaðilar, sem stunda rannsókna- og þróunarstarf, fengu heimild til viðbótarfrádráttar frá tekjuskattsstofni, allt að 20%, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Rannsóknarráð Noregs (Norges forskningsraad) og Nýsköpunarmiðstöð Noregs (Innovasjon Norge) var falið að meta hvort viðkomandi starfsemi væri frádráttarbær (Lov av 26. mars 1999 nr.14 om skatt av formue og inntekt). Framangreint frumvarp tekur mið af norsku lögnum.

Lögð er áhersla á þeir sem njóti þessara heimilda stundi vel skilgreind og afmörkuð rannsókna- og þróunarverkefni með skýrum markmiðum um árangur. Tilgangur þeirra á að vera að skapa nýja hagnýta þekkingu eða tækni sem nýtist við þróun nýrra afurða, þjónustu eða vinnuáferða.

Norðmenn hafa farið þá leið að fela Rannsóknarráði sínu (NFR) að meta hvort verkefnið uppfylla skilgreiningu skattayfirvalda og jafnframt að meta hvort framtaldir kostnaðarliðir teljist viðurkenndur rannsókna- og þróunarkostnaður. Þessi leið var valin vegna þeirrar sérþekkingar og reynslu sem Rannsóknarráðið býr yfir við mat á umsóknum í samkeppnissjóði þess.

Ekki er gerður greinarmunur á kostnaði við rannsókna- og þróunarvinnu sem unnin er af starfsmönnum viðkomandi skattgreiðanda og rannsóknarvinnu sem unnin er fyrir hann hjá rannsóknarstofnunum eða sjálfstæðum rannsóknarstofum.

Norðmenn hafa í janúar 2008 lagt fram skýrslu um mat á þessu kerfi, en þar kemur fram að mjög góður árangur hafi náðst og almenn ánægja ríki meðal fyrirtækja í Noregi og samtaka þeirra NHO með þetta fyrirkomulag.



Pingnefnd 8 – Uppbygging sprotafyrirtækja - stuðningsumhverfið

Pingnefndartillaga

Endurskipuleggja opinbert stoðkerfi

Stuðningur sá sem veittur hefur verið með styrkveitingum Tækniþróunarsjóðs hefur reynst vel. Mat á styrkbærni einstakra verkefna hefur verið vel unnið og eftirfylgja með því að einstök verkefni skili sér og klárast hefur verið gott. Þau verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt hafa oft skipt sköpum í þróun einstakra vara eða lausna sprotafyrirtækja. Þetta ber að þakka. Mikil aukning hefur orðið í umsóknum til sjóðsins. Umgjörð og matskerfi er þannig til staðar en fjármagn hefur ekki verið aukið til að mæta aukinni þörf. Það er skoðun starfshópsins að arðsemi þess fjármagns sem í Tækniþróunarsjóð hefur farið hafi verið mjög góð. Þá er lýst fullum stuðningi við þau lagafrumvörp sem boðuð hafa verið um endurgreiðslu rannsóknar og þróunarkostnaðar og skattafrádrátt vegna fjárfestingar í sprotafyrirtækjum með þeim breytingum sem lagðar eru til í starfshópi 7 og hvatt til að frádrátturinn nái einnig til fjárfestingar í sjóðum sem stofnaðir eru í þessum tilgangi.

Fara þarf yfir það framboð stuðningsaðila á þjónustu sem nú stendur til boða og tengja það saman þannig að úr verði samfelldur stuðningur sem miðar að því að ná sem mestum árangri í upp-byggingu hátækni- og sprotafyrirtækja á sem skemmstum tíma. Sérstök áhersla er lögð á að efla Tækniþróunarsjóð og taka upp endurgreiðslukerfi að rannsóknar- og þróunarkostnað með tilvísan í fyrirbyggjandi frumvörp. Skoða þarf sérstaklega stuðningskerfið í tengslum við útflutningstarfsemi og útrás. Þá er lögð áhersla á hlutverk opinbera innkaupaaðila til að efla nýsköpun í fyrirtækjum. m.a. á svið heilbrigðis-tækni og orku- og umhverfistækni.

Bæta fjármögnunarumhverfi - tryggja fjármagn í nýsköpun

Hvetja þarf einstaklinga, stærri fjárfesta og lífeyrissjóði til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum gegnum samlög eða sjóðasjóði. Í þessu sambandi þarf að breyta fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki þannig að það nái yfir fjárfestingar í sjóðum sem sérstaklega eru ætlaðir til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Þá er lögð áhersla á að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til lengri tíma og gera honum þannig kleift að koma myndarlega að slíku sjóðasamstarfi. Skapa þarf ferli fyrir einstaklinga og aðra aðila sem vilja fjárfesta í sprotafyrirtækjum.

Menntun, rannsóknir og upplýsingar um hátækni- og sprotafyrirtæki

Efla rannsóknarstarf á sprotafyrirtækjum og rannsóknir á tækifærum til nýsköpunar, stofnun nýrra fyrirtækja út frá auðlindum, hæfileikum, breytingum, leitni og öðrum þáttum. Bæta þarf hagtölugerð og upplýsingar um umfang, vöxt og viðgang greinarrinnar þannig að það sé samanburðarhæft við það sem þekkt er á norðurlöndum. Frumkvöðlafræði og uppbygging sprotafyrirtækja fái sérstaka athygli menntastofnana.

Greinargerð; forsendur og áhersluatriði

Undanfarin 15 ár hefur 10-15 tæknifyrirtækjum tekist að ná því marki að velja einum milljarði á ári á alþjóðlegum markaði. Færri hafa skilað sér inn á almennan



hlutabréfamarkað og þannig skapað sér skilyrði til útrásar og vaxtar á alþjóðlegum markaði.

Í framtíðarsýn SSP kemur m.a. fram það markmið „**að frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tæknifyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað.**”

Á undanförunum 15 árum hefur hátæknigeirinn byggst upp úr því að vera vart mælanleg stærð í efnahagslífinu til þess að vera einn helsti vaxtarsproti þess. Einn erfiðasti þáttur í rekstri nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á undanförunum árum hefur verið gífurlega sveiflukennt rekstrarumhverfi vegna óstöðugrar krónu og sveiflukenndra vaxta.

Hrunið á fjármálamarkaðnum í lok árs 2008 breytti mörgum forsendum í starfsskilyrðum þessara fyrirtækja. **Í fyrsta** lagi hefur átt sér stað breyting á gengi íslensku krónunnar sem styrkir samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem stunda útflutning mjög þótt auðvitað hafi markaðskostnaður erlendis aukist. Ofan á þennan aukna markaðskostnað bætist að tæknifyrirtækin þurfa að yfirvinna laskaða ímynd og aukna tortryggni í garð íslensks atvinnulífs í kjölfar hrunsins. **Í öðru** lagi hefur aðgangur að hæfu starfsfólki batnað mikið frá þeim tíma sem þessi fyrirtæki þurftu að keppa harði samkeppni við fjármálafyrirtækin um þetta fólk. **Í þriðja** lagi hyllir nú í fyrsta sinn undir að fjármagn til nýsköpunar og uppbyggingar þessara fyrirtækja fari vaxandi. Þar vegur efling Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og tilkoma Frumtaks nokkuð en nýframlögð frumvörp um endurgreiðslu hluta rannsókn- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta er einnig markvert framlag í rétta átt. Hins vegar vekja takmörkuð framlög til Tækniþróunarsjóðs enn mikil vonbrigði og eru í engu samræmi við þann aukna umsóknarpunga sem er á sjóðnum.



Pingnefnd 9 - Efling Tækniþróunarsjóðs – fjármögnun, verkefnamat og ferli

Pingnefndartillaga

Til að efla Tækniþróunarsjóð þarf að gera eftirfarandi:

Preföldun Tækniþróunarsjóðs strax á næsta ári í 2-2,5 milljarð kr.

Prefalda þarf framlög til Tækniþróunarsjóðs strax þannig að sjóðurinn hafi a.m.k 2-2,5 milljarða króna til ráðstöfunar á næsta ári. Slík ráðstöfun skilar sér fljótt í auknum tekjum til ríkissjóðs í formi aukinna skatttekna auk þess að spara veruleg útgjöld í atvinnutryggingasjóð.

Brúarstyrkir til markaðssóknar á erlenda markaði

Stuðningur við uppbyggingu markaðstarfs á erlendum mörkuðum skiptir sköpum til að tryggja arðsemi fjárfestinga í þróunarstarfi hátækni- og sprotafyrirtækja. Eins og greint er frá að framan voru á árinu 2009 teknar upp nýjar tegundir styrkja. Þar á meðal svonefndir Brúarstyrkir sem hugsaðir voru til þess að efla uppbyggingu innviða fyrirtækjanna auk stuðnings við markaðssókn á erlenda markaði. Mikil ánægja var meðal hátækni- og sprotafyrirtækja með þessa nýju styrki, ekki sist þeirra sem standa í markaðssetningu tæknilausna erlendis. Mörg þessara fyrirtækja hafa náð góðri fótfestu á heimamarkaði og náð að byggja upp góða veltu þar, en eru að hefja sókn á erlenda markaði. Þó lækkun á gengi íslensku krónunnar í kjölfar hrunsins hafi vissulega styrkt samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem stunda útflutning þá hefur markaðskostnaður erlendis aukist að sama skapi. Ofan á þetta bætist að fyrirtækin þurfa að yfirvinna laskaða ímynd og aukna tortryggni í garð íslensks atvinnulífs. Ákvörðun stjórnar Tækniþróunarsjóðs um að takmarka aðgang umsókna um Brúarstyrki við fyrirtæki sem hafa undir 100 milljón kr. veltu er óviðunandi ef gagn á að vera af þessum nýju styrkjum. Þessa ákvörðun þarf að afturkalla strax, en um leið tryggja sjóðnum fjármagn til að geta staðið myndarlega að uppbyggingu þessara nýju styrkja.

Fjölga þarf fulltrúum hátækni- og sprotafyrirtækja í stjórn Tækniþróunarsjóðs um tvo – efla þarf matsferlið

Tryggja þarf betri aðkomu fulltrúa hátækni- og sprotafyrirtækja að stjórn Tækniþróunarsjóðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs er skipuð samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun frá 2007 nr. 75 29. mars.

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

Þó þessi skipan útiloki ekki aðkomu fulltrúa hátækni- og sprotafyrirtækja að sjóðstjórninni hafa sjónarmið þessara fyrirtækja ekki náð fram að ganga í ákvörðunum sjóðsstjórnar á síðasta ári. Nægir þar að nefna ákvarðanir um breytingar á reiknireglum við mat á forgangsröðun verkefna, auk framangreindra ákvarðana varðandi Brúarstyrki. Báðar þessar ákvarðanir voru teknar þrátt fyrir formleg mótmæli Samtaka sprotafyrirtækja og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Hér þurfa að eiga sér stað umbætur í því formi að draga úr vægi embættismanna-



og stofnanasjónarmiða í stjórn sjóðsins og efla vægi fulltrúa hátækni- og srotafyrirtækja. Eðlilegt má telja að samtök tæknifyrirtækja fá tvo fulltrúa í stjórn til viðbótar við fulltrúa SI og SA. Samhliða þessu þarf að bæta matsferli umsókna með því að opna fyrir þann möguleika að umsækjendur fái að kynna verkefni sín fyrir fagráðum – sem ætti í senn að auðvelda mat á umsóknum – stytta matsferlið og draga úr hættu á misskilningi, sérstaklega þar sem nýnæmi er mikið og þekking er sérhæfð.

Greinargerð:

Mikilvægi Tækniþróunarsjóðs við uppbyggingu hátækniíðnaðar á Íslandi hefur aldrei verið meira en einmitt nú eftir hrun fjármálakerfisins með afleiðingum fyrir íslenskt atvinnulíf sem eru án fordæmis. Brýna nauðsyn ber því nú til að efla verðmætasköpun og skapa ný störf eins hratt og hægt er. Þar getur Tækniþróunarsjóður gegnt lykilhlutverki.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að talsverðum áherslubreytingum á forgangsröðun við val verkefna með verðmætasköpun, nýnæmi og líkur á árangri að leiðarljósi. Þegar horft er til árangurs er enginn annar mælikvarði skýrari en sú velta og störf sem skapast hafa í íslenskum hátækniíðnaði á undanförunum árum. Á tiltölulega fáum árum hefur tekist að byggja upp hér á landi stór og öflug hátækniyrirtæki sem eru í fremstu röð á sínum sviðum í heiminum. Á sama tíma hefur einnig sprottið upp fjölbreytt flóra lítilla og meðalstórra srotafyrirtækja sem eiga bjarta framtíð fyrir sér fái þau rétt starfsskilyrði og aðhlyningu á uppvaxtartíma sínum.

Það er ljóst að Tækniþróunarsjóði hefur verið ætlað aukið hlutverk af stjórnvöldum á undanförunum árum og nýjum greinum, t.d. í skapandi íðnaði, hönnun og ferðaþjónustu hefur verið beint í hann. Þá hefur sjóðnum verið ætlað aukið hlutverk í stuðningi við uppbyggingarstarf fyrirtækjanna m.a. í formi nýrra styrktegunda á borð við frumherjastyrki, brúarstyrki og öndvegissstyrki sem styrkja annarskonar verkefni en hinir hefðbundnu verkefnastyrkir, m.a. við uppbyggingu innviða og sókn á erlenda markaði. Þetta er allt af hinu góða og svarar kalli tímans og þörfum í atvinnulífinu. Vandinn er hins vegar sá að þessum auknu hlutverkum og áherslum hefur ekki fylgt fjármagn í neinu samræmi við aukinn umsóknþunga.

Til að laga sig að þessum aðstæðum hefur stjórn sjóðsins reynt að skerpa línur og kröfur um upplýsingar í umsóknargögnum. Gerð er krafa um að umsækjendur skili umsókn í formi viðskiptaáætlunar þannig að fagráð sem metur umsóknir geti betur greint væntingar um verðmætasköpun, nýnæmi og árangurslíkur út frá því hvernig umsækjendur hyggjast standa að verki. Þetta hefur m.a. skilað sér í stórbættum gæðum umsókna og betri samfellu milli verkefna Tækniþróunarsjóðs og þeirra verkefna sem fagfjárfestar horfa til í fjárfestingum sínum.

Hins vegar hefur aukinn umsóknþungi minnkað árangurshlutfall umsækjenda mikið og fjöldi þeirra umsókna sem sjóðurinn verður að hafna hefur margfaldast. Eins og gefur að skilja leiðir þetta til stigvaxandi gremju og óánægju þeirra sem lagt hafa mikla vinnu og fyrirhöfn í gerð umsókna. Þarna fara stórfelld tækifæri til spillis sem nýta mætti til að skapa verðmæt störf í stað þess að greiða fólki atvinnuleysisbætur sem engum verðmætum skila.



Þingnefnd 10 – Nýsköpun í tengslum við opinber innkaup – aðferðarfræði

Þingnefndarartillaga

Ríkisvaldið þarf að markar sér stefnu á sviði „nýsköpunar í tengslum við opinber innkaup“, hátæknistefnu og áherslusvið.

Hvað ætlum við að standa fyrr, hvað viljum við gera, hvað getum við gert, hvað þurfum við að gera til að ná þangað þar sem við viljum vera stödd?

Markmiðið:

- Skapa ný störf
- Búa til ný fyrirtæki og styrkja þau sem fyrir eru
- Auka atvinnustigið
- Aukum fjölbreytni í störfum, aukum þar með möguleika á að fá ungarfólkið okkar í störf eftir nám
- Aukum gjaldeyristekjur

Það efast engin lengur um að þetta sé hægt, frumkvöðlar hafa þegar sýnt okkur dæmi um árangur, þennan veruleika getum við eftt enn frekar með nýsköpun í opinberum innkaupum.

Vert er að hafa það í huga að það er óvíst að aðrir komi færandi hendi með lausnir sem okkur vantar. Öllum ríkjum ber skylda til að þjónusta sína þegna, veruleikinn er að íslenskir þegnar eru ekki í forgang hjá öðrum þjóðum ef neyð skapast, því þurfum við að geta verið sjálfum okkur næg. Hægt er að byrja á að kortleggja þær grunnstoðir samfélagsins sem verða að vera til staðar ef kreppir að í þjóðfélaginu, grunnstoðir sem tryggja öryggi landsins:

- Matvælaframleiðsla
- Fiskveiðar og rannsóknir
- Lyfjaframleiðsla
- Framleiðsla á búnaði til sjúkrahúsa (dæmi: við flytjum inn drop handa sjúklingum frá Svíþjóð)
- Tryggja stöðugleika í orkuöflun
- Eldsneyti

Hvað viljum við gera sem styður enn frekar við grunnstoðirnar:

- Framleiða innlent eldsneyti og tilheyrandi búnað sem notar eldsneytið (metanól)
- Auka nýtingu á núverandi orkugjöfum (gufa, vatn)
- Bestun í nýtingu fiskistofnanna, sjálfbærri nýtingu, rannsóknir og bættar veiðiaðferðir
- Tækifæri sem skapast við byggingu og innréttingu á nýju Háskólasjúkrahúsi
- Áhersla á endurnýjanlega orkugjafa

Ef um meiriháttar fjárfestingar er um að ræða, þá skapast gríðarleg tækifæri til að framkvæma, eins og t.d. í tengslum við uppbyggingu nýs „**Háskólasjúkrahúss**“, ef rétt er að staðið þá getur það fætt af sér nýjungar til útflutnings, og orðið okkar Appolo áætlun, Appolo áætlunin hafði gríðarlega nýsköpun í för með sér.

Skilgreina þarf nýsköpunarferli ríkis og sveitarfélaga, búa til farveg sem auðveldar aðkomu fyrirtækja að verkefnum sem tengjast þörfum ríkis, sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum auk þess að laga- og regluverkið að slíku verklagi

Nýsköpunarferli ríkis, sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum þarf að vera opið og aðgengilegt fyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum sem komið geta að þróun nýrra og betri lausna.



Fyrirtæki og hagnunaaðilar þurfa að vita við hvern þau eiga að ræða í hverju tilviki og ferlið þarf að vera skilvirkt en jákvætt í garð nýsköpunartækifæra. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða verklýsingu á lausn eða vöru sem ekki er ennþá til, þá er erfitt að lýsa verkefninu, verkefnislýsingin verður því að lýsa vandamálinu, eftirspurn kaupenda eða lýsingin verður því ekki nákvæm. Nýtt hugarfar þarf til þar sem unnið er að því að leysa vandamál án þess endilega að vita hvernig það er leyst. Hægt er engu að síður að hefja vinnuna og nálgast lausnir með nánu samstarfi við kaupendur. Nálægð fyrirtækis og notenda er nauðsynleg ef þróa á lausnir sem koma að notum, fjarlægðir og aðgengi er tvímælalaust okkar styrkur.

Höfum hugfast að þegar launsin er fundin þá er það ekki bara við á Íslandi sem græðum, með því að leysa okkar vandamál, koma lausninni/vörunni í framleiðslu, þá opnast möguleiki á að setja vöruna í útflutning og leysa vandamálið fyrir aðra í leiðinni, dæmi:

- Mannvit, orkuframleiðsla með jarðvarma, mælitæki o.s.frv.
- Stjörnu-Oddi, rannsóknartæki fyrir fiska, 15 starfsmenn og 97% af framleiðslunni fer í útflutning. Hægt væri að setja fram metnaðarfulla áætlun til að fylgjast betur með aðlindum hafsins með hátæknilausnum. Auðlindinni sem að stærstum hluta hefur byggt upp landið og á að stórum hluta að borga okkur út úr erfiðleikum næstu ára
- Kine hreyfigreining á sjúklingum, 5 starfsmenn
- Nox Medical, svefnrannsóknir, 8 starfsmenn
- Flugstöðir sem sprottin er út úr Flugmálastjórn með flugstjórnarkerfi

Hlutverk nýsköpunarferlis verður að tengja saman kaupendur og seljendur, eftirspurn og framboð, samhæfa.

Stefna um eftirspurnin/framboð örvar eftirspurn og framboð á nýsköpun og hefur áhrif á neytendur. Hægt er að þróa metnaðarfullt og frjósamt nýsköpunarumhverfi kringum ríkisstofnanir, fyrirtæki sem þjónusta stofnanirnar og eru að auki í útflutning á tækninni og lausnunum.

Leitast þarf við að vinna að þróunarverkefnum á vettvangi ríkis- og sveitarfélaga með aðkomu íslenskra fyrirtækja, tengja ríkisstofnanir og fyrirtækin saman með það að markmiði að nýta rannsóknar og þróunarvinnuna og koma henni í verð með framleiðslu og sölu.

Innan ríkisstofnana eru iðulega unnin margs konar þróunarverkefni sem geta vel átt heima hjá einkaaðilum og má sérstaklega benda á forritun, hugbúnaðargerð, þróun rafeindabúnaðar eða vélbúnaðar. Með langtímasamningum við fyrirtæki, þar sem aðkoma starfsmanna hins opinbera er tryggð og jafnvel þátttaka hins opinbera í eignarhaldi í afurðum (er þegar gert með góðum árangri í háskólaumhverfinu), má auka verulega líkur á að afmörkuð verkefni hjá opinberum aðilum verði að vörum sem þróaðar eru með stærri markað í huga.

Hlúa þarf að menningu sem fagnar nýsköpun.



Þingnefnd 11 – Útflutningur – ímynd Íslands

Þingnefndartillaga

Til að efla útflutning þarf gera eftirfarandi:

Auka þarf styrki til markaðssetningar erlendis

Stuðningur við uppbyggingu markaðsstarfs á erlendum mörkuðum skiptir sköpum til að tryggja vöxt og framgang hátækni- og sprotafyrirtækja. Kostnaður við markaðssetningu erlendis er stórlega vanmetinn. Í dag fá fyrirtæki styrki til tækniþróunar en styrkir til markaðssetningar eru takmarkaðir. Eftir hrunið hefur kostnaður við markaðssetningu erlendis tvöfaldast. Þetta kemur hvað harðast niður á þeim fyrirtækjum sem eru að hefja sölu og markaðssetningu erlendis þar eð erlendar tekjur eru ekki farnar að skila sér.

Auka þarf styrki til markaðssetningar. Fé sem varið er til að hjálpa fyrirtækjum að koma vöru sinni á markað er fljótt að skila sér til baka í auknum gjaldeyrstekjum þjóðarinnar.

Efla þarf og straumlínulaga stuðning við fyrirtæki sem sækja á erlenda markaði

Íslensk hátækni- og sprotafyrirtæki eru yfirleitt tæknilega sterk en skortir oft þekkingu og reynslu í markaðssetningu og sölu á erlendum mörkuðum. Í dag eru til staðar nokkur góð verkefni sem aðstoða fyrirtækin að taka fyrstu skrefin í markaðssetningu erlendis. Mikilvægt er að efla þessi verkefni enda hafa mörg þeirra skilað góðum árangri s.s. Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH) sem er verkefni á vegum Útflutningsráðs. Auka þarf tengsl þessara verkefna við erlenda (eða innlenda) aðila með þekkingu og reynslu á þessu sviði til að auðvelda sprotafyrirtækjum að byggja upp öflugt og árangursríkt sölu og markaðsstarf á stórum mörkuðum erlendis.

Við þurfum að efla, straumlínulaga og samræma þau verkefni sem fyrir eru og nýta fjármagn og þekkingu á sem bestan hátt fyrirtækjunum og landi til heilla.

Aukin aðstoð utanríkisráðuneytis til sprotafyrirtækja

Hátækni- og sprotalíning leggur til að utanríkisráðuneyti og Sendiráð Íslands komi með markvissari hætti að aðstoð við útflutningsfyrirtæki sem eru að hefja markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Sendiráðin geta aðstoðað fyrirtæki við að koma á fundum, bjóða starfs- og fundaaðstöðu og hjálp við að ná tengslum við hagsmunaaðila á erlendum mörkuðum. Sendiráðin eru oft á tíðum í góðri stöðu til að veita fyrirtækjunum aðstoð við markaðsgreiningu fyrir einstakar vörur eða geira auk þess að miðla staðarþekkingu um efnahagslíf og fyrirtæki.

Ímynd Íslands – Byggja þarf upp ímynd þekkingar, nýsköpunar og hreinnar orku

Hátækni- og sprotalíning leggur til að stjórnvöld, stuðningsumhverfið og fyrirtækin í landinu vinni saman að heildstæðri stefnu sem miðar að því að byggja upp ímynd Íslands sem uppsprettu nýsköpunar, þekkingar og hreinnar orku. Saman getum við byggt upp ímynd Íslands og þar með sjálfsmynd þjóðarinnar. Heiðarleg viðskipti, gróska og sköpun eru gildi sem við viljum standa fyrir í orði sem og á borði. Áhersla á þekkingu og nýsköpun í verki styrkir sjálfsmynd okkar Íslendinga sem um leið smitar út í samskiptum og skilaboðum okkar til annarra þjóða.